

Þú hefur ekki sagt aukatekið orð . . .

Trausti Einarsson ræðir við textíllistakonuna **Ínu Salóme** sem býr í Finnlandi og er ein þátttakenda á 10 ára afmælisýningu Textílfélagsins, sem nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum.

Meðal þátttakenda á tíu ára afmælisýningu textílfélagsins að Kjarvalsstöðum er Ína Salóme, sem búsett hefur verið í Finnlandi um tveggja ára skeið. Myndir sínar vinnur Ína úr taulitum og

bómullarefni, þær eru ekki þrykktar, sem mun vera algengasta aðferð textílmýndlistamanna á Íslandi, heldur malar Ína á bómullarefnið, annað hvort með pensli eða rúllu. „Margfaldar myndir“ malar Ína, en margföld mynd er í rauninni þrjár myndir, sem hanga með um fimm sm millibili hver frá annarri, og mynda því eina heild, eða eina mynd, sem er þó, þegar betur er að gáð, tveir myndfletir, því myndina má sjá frá tveimur hliðum. Staldri áhorfandinn við um stund er því líkast sem tíminn speglist í margfaldri myndgerðinni, því dýpt myndarinnar, eða fjarlægð, breytist eftir dagsbirtunni sem fellur umhverfis myndina.

Ína segist aldrei hafa unnið eins stórar myndir og núna, þetta sé algjör andstæða við þær smámyndir sem hún gerði á sl. ári (20x20 sm), en gaman sé að spreyta sig á mismunandi stórum myndflötum. En hvað getur hún sagt okkur nánar um þær myndir sem hún sendi á afmælisýninguna?

— Litina sem ég nota hef ég uppgötvað hér í Finnlandi. Áður en ég útfæri hugmyndirnar á tauði hef ég vatnslitað þær á litlar skissur. Fyrst tek ég litskyggnur af



Ína Salóme í kuldanum í Finnlandi.



Geómetrisk afstraksjón, sem Ína gerði í Róm 1984.

vatnslitaskissunum, svo ég geti áttað mig á því hve mikla stækkun myndirnar þola. Það var hér í Finnlandi sem ég byrjaði fyrst á þessari vinnuaðferð að vatnslita fyrst litla skissu og útfæra hana svo á stórum myndfleti.

NAFNLAUSAR MYNDIR

Myndirnar eru ólíkar því sem ég hef gert áður, ég nota svarta litinn mun meira núna, og áður voru myndir mínar meira figúratífar. Ég hafði oft mótið af konu, sem horfir inn í fjarlægðina. En nú hef ég breytt þessu: figúran, ert þú, áhorfandinn. Myndirnar eiga það sameiginlegt að einhver birta leynist á bak við svartan flötinn. Mér finnst mikilvægt að áhorfandinn verði þessa áskynja. Annars gef ég myndum mínum ekki nöfn, því þá finnst mér sem ég hafi bundið þær við ákveðna fyrirmynd. Fólk hefur komið til mín og sagt mér hvað það sér út úr myndum mínum, og það er svo ótrúlega ólíkt: sumir sjá landslag, þegar aðrir sjá fyrir sér eitthvað allt annað, segir Ína.

Við fyrstu sýn dettur áhorfandanum helst í hug að geómetrisk abstraktion hafi haldið innreið sína á nýjan leik, og því liggur beinast við að spyrja Ínu, hvort þeir málara á Íslandi, sem lengi hafa fylgt þeirri stefnu, Karl Kvaran, Þorvaldur Skúlason, eða aðrir, hafi haft áhrif á myndlist hennar? Nei, svarar Ína, nema ef vera skyldi Nína Tryggvadóttir.

Hvenær hefurðu málað þessar myndir?

— Myndirnar á sýningunni eru allar gerðar nú á þessu ári, fyrir utan eina sem máluð var í Róm á síðastliðnu ári. Þó verð-

ur að hafa í huga að hugmyndin getur verið lengi að brjótast um í kollinum, það getur tekið heilt ár áður en sjálf myndin verður til.

Hvar stundaðir þú þitt myndlistarnám?
— Ég útskrifaðist úr Myndlistar- og handiðaskólanum árið 1978. Þá fórum við fjórar vinkonur úr Myndlistarskólanum í ferðalag um Ungverjaland, Rúmeníu, Búlgaríu og komum einnig við í Grikklandi, París og Amsterdam. Einhverra hluta vegna þótti okkur myndlistarsýningar austantjalds ekki nægilega spennandi, því enduðum við alltaf á þjóðminjasöfnunum þar. Það var mun athyglisverðara, segir Ína og hlær. Þar vorum við daglangt, hver í sínu horni að skissa, en nútímalistinn höfðaði ekki til okkar: sósíalrealisminn var þar upp um allt; þessir skiltamálarar ríkisins!

TIL SVÍPJÓÐAR OG DANMERKUR

Eftir þessa ferð fór ég til Svíþjóðar og komst inn á Textilinstitutet í Borås, þar sem ég var gestanemandi og einbeitti mér aðallega að þrykk- og ljósmyndatækni. Síðan fór ég til Kaupmannahafnar á Skole för Brukskunst, þar sem ég lærði ljósmyndatækni innan þrykks. Í þeim skóla byrjaði ég á þessum margföldu myndum.

Eftir það fór ég heim til að berjast við að gera eitthvað sjálf. Þá hafði ég verið í skóla í sex ár og þótti nóg komið. Þetta var vorið 1980. Annars tók mig langan tíma að átta mig á því hvernig ég ynni. Þetta er tímaskeið sem ég held að allir myndlistarnemar gangi í gegnum, og það tekur sinn tíma að átta sig á því hvað í manni býr. Í skólanum er allt sem til þarf: tæki, aðhald, kennarar á hverju strái, sem hægt er að ráðfæra sig við.

En það er ekki hægt að setjast inn á vinnustofu og fara að skapa, fyrst þarf að vinna sér inn peninga til þess að lifa. Síðasta veturinn, sem ég var heima, vann ég sem kennari í fjölbrautaskóla. Þá vann ég 1—2 daga í viku. Á hinn bóginn er kennsla illa launuð og því endar maður oftast með skúringardjobb við hliðina, eða tekur vinnutarnir og á svo frí inn á milli. Draumurinn er að vera í lausamennsku eða eins og sagt er „free lance“. Þó nokkrir reyna að hafa þetta þannig, en það er mjög stressandi.

Eitt sinn þeyttist ég um allt höfuðborgarsvæðið og teiknað skilrúm fyrir fólk. Ég vann hjá húsgagnaverslun sem bauð þessa þjónustu. Þá kom ég inn í flest einbýlishúsin í Breiðholti, Garðabæ, Kópavogi og víðar, og teiknaði. Fólk sagði mér hvernig það vildi hafa þetta og ég teiknaði það upp og áætlaði hvað það mundi kosta. Eitt sinn á leiðinni heim, hugsaði ég með mér: það sem ég hef selt í kvöld gæti nægt mér til þess að komast til Kína!

Þetta var dæmigerð tiskubylgja, eins og þær gerast heima: nú á að hafa skilrúm og þá kemur húsgagnaverslun þeirri þjónustu á fót. Þjónustan kostar ekki neitt, að fá teiknarann heim og ráðfæra sig við hann... Að mörgu leyti var forvitnilegt að kynnst þessu. En, Guð minn góður, mér þótti þetta undarleg vinna.


Frá því ég kom heim 1980 og fram til vorsins '83 hafði ég vinnu og vinnustofu, og allt gekk vel. Fyrr en varði var ég einnig komin á bólakaf í félagsmál. Einhvern veginn er ekki hægt að sitja og þegja, og um leið og þú situr ekki og þegir er búið að grípa þig alls staðar. Það er alveg sama hvaða félög það eru, hjá mér var það textílfélagið. Og allt er þetta vinna sem unnin er í frítímum. Fyrst er að vinna sér inn peninga til þess að geta lifað, svo er reynt að vera á vinnustofunni og loks eru það fundir og félagsmál út um allan bæ.

Að því kom að ég settist niður og fór að hugsa minn gang. Ég leigði í stóru kollektífi, þar sem komin var upp sú staða að við urðum að finna okkur nýtt húsnæði. Mér fannst að litla lífið mitt yrði að breytast.

TIL RÓMAR

Eins og ég sá þetta fyrir mér hafði ég einungis um tvo kosti að velja. Annað hvort keypti ég mér íbúð eða færi til Róm. Þessu velti ég fyrir mér, kvöld eitt áður en ég fór að sofa, og morguninn eftir var ég staðráðin í því að fara heldur til Róm. Ég hafði séð auglýsingu um ódýra vinnuadstöðu fyrir myndlistafólk á vegum Skandinaviska förenigen. Ég sótti um árið 1983, en um jólin breyttist litla lífið mitt og mér snérist hugur. Ég var orðin ástfangin af ungum og skemmtilegum manni, sem ég vildi helst vera hjá, en hann var

Mynd eftir Ínu, gerð 1985 og er 145x215 cm á stærð. Hún er á sýningunni á Kjarvalsstöðum.



Ein af myndum Ínu Salóme á sýningu Textílfélagsins á Kjarvalsstöðum.

búsettur í Finnlandi. Það er þá ekkert mál, hugsaði ég mér sjálfri mér, og stefndi þangað í staðinn, og hóf að safna mér fyrir fari, sem gekk fremur erfiðlega, en að lokum átti ég fyrir helgarferð til Stokkhólms og skellti mér af stað. Það var vorið '83 og síðan hef ég búið hér í Finnlandi.

Reyndar komst ég til Róm. Þá mánudag í fyrri, og það þótti mér einstakt. Hér í Finnlandi hafði ég enga vinnustofu, svo ég teiknaði mest vatnslitamyndir, skissur, sem ég hugðist útfæra í Róm. Þannig vann ég markvisst að því að safna hugmyndum. Ég hafði líkað sankað að mér litum og efni, og með þetta allt saman rogaðist ég til Róm, þar sem ég hafði aðstöðu í mjög fallegu og skemmtilegu umhverfi.

AFTUR TIL FINNLANDS

Þaðan fór ég aftur hingað til Finnlands og hef verið hér með ágæta vinnuadstöðu, og unnið að þessari afmælisýningu textílfélagsins. Annars stefni ég að því að halda einkasýningu í Galleri Langbrók um mánadamótin júní/júlí.

Hvaða augum er textílmýndlist litin í sam-anburði við aðra myndlist?

— Það eru mjög skiptar skoðanir á textílfefnaði eða textílptrykki annars vegar og olíumálverkum hins vegar. Olíumálverkið er álitnið vera raunverulegt málverk, myndlist, en um leið og efniviðurinn er orðinn tuska, finnst fólki að hægt sé að klippa hana niður í búta og skipta á milli sín. Gagnrýnendur nenna vart að skrifa um textílsýningar. Þeir rétt stinga inn nefninu og skrifa svo hvað þeim þótti um sýningarskrána, segir Ína og hlær. Frágangurinn virðist vera aðalatriðið í þeirra augum: athyglin beinist of mikið af því hvernig myndirnar eru hengdar upp á vegg.

TUSKUKERLINGAR ÚTI Í BÆ

Það vantar oft á að textílkonurnar sjálfar líti á sig sem listamenn, og því er ef til vill ekki undarlegt þótt aðrir geri það ekki heldur. Þær eru bara einhverjar tuskukerlingar úti í bæ, sem þær náttúrulega eru, en það er allt í lagi að vera tuskukerling. Það þarf ekki að vera neikvætt.

Hér í Finnlandi eru margar góðar textílmýndlistakonur, og því er gott að vera hér. Annars þeyttist ég ekkert sérstaklega á milli þeirra: „Viltu vera vinkona mín,“ og allt það. Ég tek eftir því að ég narta í mjög margt hér bæði í sambandi við textil og myndlist. Og ég fæ mjög mikið út úr dvölinni hér.

Ég sit mikið ein með minar pælingar án þess að hafa nokkurn kollega minn eða myndlistarmann í kringum mig. Fyrst þegar ég byrjaði á þessum myndum, sem ég sendi á sýninguna heima, var ég mjög óörugg og það vafðist fyrir mér hvort ég væri að herma eftir einhverjum... þetta væri einhver endaleysa. En núna finn ég að ég get staðið undir því sem ég hef unnið að hérna. Ég hef glímt við þetta ein og ég finn að ég hef þroskast af verunni hér.

Ég var mjög frjáls með minn vinnutíma þegar ég var heima á Íslandi og alveg óháð öðrum. Núna átta ég mig meira á sjálfri mér í gegnum þann sem ég bý með. Gunnar, sambylismaður minn, spurði mig til dæmis um daginn:

— Ína, er ekki allt í lagi? Er eitthvað að?

— Jú, jú, það er allt í lagi, af hverju spyrðu að því?

— Þú hefur ekki sagt aukatekið orð í allan dag!

Þannig get ég verið mjög þögul. Reyni samt að taka þátt í því sem gerist í kringum mig, en er í rauninni stödd allt annars staðar. Stundum verð ég að vera alveg einangruð, þegar ég vinn íntímt að einhverri mynd. Það má enginn koma nálægt þar sem ég er að vinna. Þó ég sé ein heima við loka ég öllum hurðum, þannig að örugglega heyrir ekki í dyrabjöllunni. Ég ætla kannski að setja lit á efni og mér finnst ég vera óörugg með hvað út úr því gæti komið. Það er svo persónulegt sem verið er að skaða... það kemur alveg innst frá hjartanu. Eins liður mér þegar myndirnar fara á sýningu. Samt er afskaplega gott að sýna hlutina. Það er kapituli sem hafa verður í huga og stefna markvisst að.

Trausti Einarsson er búsettur í Finnlandi og er fréttaritari útvarpsins þar. Hann hefur lesið frönsku og franskar bókmenntir við Sorbonne og lauk þaðan lic.-es-lettres prófi í sagnfræði og mannvísindum. Síðar lauk hann cand.mag. prófi í sagnfræði frá Háskóla Íslands. Hann vinnur að ritverki um sögu hvalvelda við Ísland, sem Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands mun gefa út.